



Alþingi  
Erindi nr. P 132/437  
komudagur 6.12.2005

# Jafnréttisstofa

Alþingi  
Allsherjanefnd  
150 Reykjavík.

Akureyri 28. nóvember 2005.

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytingar á barnalögum nr. 76/2003.

Með bréfi dags. 17. nóvember 2005 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarpið. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Varðandi ákvæði um sameiginlega forsjá vill Jafnréttisstofa koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Stofan telur það í samræmi við þróun jafnréttismála (sbr. fæðingar- og foreldraorlofslög) að forsjá barna við skilnað og sambúðarslit sé sameiginleg hjá foreldrum þeirra. Það er einnig í samræmi við þróun landa sem við berum okkur saman við. Áhrif slíkra ákvæða í jafnréttisátt er þó að hluta háð því að jafnrétti ríki á öðrum sviðum. Í flestum tilfellum fer móðir með forsjá barns eða að barn er búsett hjá móður sé um sameiginlega forsjá að ræða. Réttarstöðu feðra við skilnað hefur verið ábótavant. Ef frumvarpið verður að lögum verður um réttarbót að ræða sérstaklega fyrir feður.

Sameiginleg forsjá barna við skilnað og sambúðarslit hlýtur almennt að teljast til hins góða þar sem hugmyndin er að tryggja barni aðgengi að báðum foreldrum sínum. Þó ber að taka fram að fjöldi kvenna býr við ofbeldi af hálfu maka og fyrrverandi maka. Reynslan sýnir að við sameiginleg forsjá getur gert konum erfiðara um vik að losna úr viðjum slíkra sambanda, og bitnar ástandið ekki síst á þeim börnum sem í hlut eiga. Sameiginleg forsjá getur því verið framlenging á ofbeldinu. Því vill Jafnréttisstofa hvetja til þess að verði sameiginleg forsjá að meginreglu við skilnað eða sambúðarslit verði sérstaklega tekið tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast við slit ofbeldissambanda. Þá telur Jafnréttisstofa verulega þörf á að auka ráðgjöf og aðra þjónustu við fjölskyldur vegna skilnaðar eða sambúðarslita í slíkum tilvikum.

Að mati Jafnréttisstofu er ekki sjáanlegt annað sem varðar markmið laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Virðingarfyllst

Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri